



Fundur nr.3 Fagráði lagnakerfa 2013-2014

Fundarefni:	Úttekt á lokafrágangi lagnakerfa - Faglegt umhverfi lagnageirans - Fyrirkomulag nýs gangagrunnar SHS		
Fundardagur:	1.10.2013	Fundartími:	15:00 – 18:00
Fundarstaður:	Höfðabakki 9, höfuðstöðvar IAV	Fundarritari:	Snæbjörn R Rafnsson
Fundarmenn:	Snæbjörn R. Rafnsson (SRR), Kristján Ottósson (KO), Svavar T. Óskarsson (STÓ) Jóhannes G. Pétursson (JGP), Þorgeir Jóhannes Kjartansson (ÞJK), Andrés Hinriksson (AH)		
Dreifing:	Fundarmenn, Hilmar Hjartarson, Grétar Leifsson		

Í upphafi fundar kynnti SRR tillögu að fyrirkomulagi fundarhalds. Þar sem fundarefnið væru töluvert háð reglugerðarákvæðum þá myndi SRR byrja að lesa upp og fara yfir reglugerðir og önnur fyrirbyggjandi gögn, sem álykta um viðkomandi málefni sem leidd eru til lykta. Í framhaldi er málefnið rædd út frá sjónarhorni fundarmanna og reglugerða og komið með tillögu að lausn eða hvort/hvað verður gert frekar með málefnið. KO lagði fram gögn á fundinum til leiðbeiningar um feril við framsetningu á gögnum tengd lokafrágangi lagnakerfa. SRR hafði sent fundarmönnum í pósti, reglugerðir og leiðbeiningar vegna málefna fundarins.

- Fundur var settur og farið var yfir samþykkt síðasta fundar fagráðs nr.2 .**
Engar athugasemdir voru gerðar við þá fundargerð
- Úttekt á lokafrágangi lagnakerfa, með hvaða hætti á að standa að þeim. Málefni sem LAFÍ vill að fagráðinn hafi skoðun á, málefni ráðstefnu LAFÍ í haust.**

SRR las greinar uppúr byggingareglugerð 112/2012 sem viðkoma málefninu, byggingareglugerðin mun taka gildi 1.1.2015. Farið var einnig fljótt yfir LAFÍ 2011-39: Virkni og lokafrágangur, og að lokum LAFÍ 2002-29: Handbók lagnakerfa.

Helstu niðurstöður úr reglugerðinni eru þær að faggiltar skoðunarstofur, með starfleyfi frá Mannvirkjastofnun (auk Mannvirkjastofnunnar og byggingafulltrúa) munu sjá um úttektir á lokafrágangi lagnakerfa. Skoðunarmenn stofanna eru skipt í þrjá flokka þar sem ákv. stafsheimild fylgir hverjum flokki. Stuðst verður við „skoðunarhandbók“ við yfirferð og skráningar. Hönnuðir og iðnmeistarar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi. Afhenda skal handbók við lokaúttekt en þó ekki „við mjög einföld verk“. Leiðbeinandi skjöl um lokafrágang, starfsemi faggilta skoðunarstofu og handbók liggja fyrir, gefið út af LAFÍ.

Þessi niðurstaða/gögn sýna að búið er að varða með hvaða hætti staðið verður að lokafrágangi lagnakerfa. En spurningin sem upp komu og voru ræddar eru: Hverjum fer best að reka faggiltar skoðunarstofur og er fyrirbyggjandi handbók lagnakerfa LAFÍ 2002 fullnægjandi.

Það var rætt að það fari best að því sem næst óháðir aðilar reki **faggiltar skoðunarstofur** líkt og er hjá Raflagnaiðnaðinum. Þar starfa 4 skoðunarstofur en verkfræðistofur eða verktakar koma ekki þar að. Menn höfðu áhyggjur af að fjöldi faggildingastofa mundi spretta upp, og þá líklega verkfræðistofunnar ef ekki yrði tekið fast á því hverjum færi það best. Fyrir liggur leiðeinandi skjal og ályktun LAFÍ um starfsemi hlutlausrar faggildingastofu LAFÍ með tengingu við alla helstu sérfræðinga landsins á hverju sviði, sem svo annast úttektir: **Úttektir á lagnakerfum – Virkni og lokafrágangur 39 (2011).**

Það var niðurstaða að fyrirbyggjandi **handbók** frá 2002 sé fullnægjandi en hana megi þróa og aðlaga að miskrefjandi verkefnum. Þetta er allavega það besta sem menn hafa í dag ef ekki kemur að frumkvæði Mannvirkjastofnunnar ný handbók fyrir 1.01.2015.

Það kom fram að skilgreina þurfi orðalag byggingarreglugerðar þar sem segir að ekki þurfi að afhenda handbók í lokaúttekt í „mjög einföld verk“. Setningin gefur óskilgreindan slaka á kröfurnar og líklega rétt að öllum kerfum fylgi leiðbeiningar/handbók en í lámámarks útgáfu í „mjög einföld verk“.

Að lokum var komið inná **gæðastjórnunarkerfi**. Það vakti athygli að krafa gæðastjórnunarkerfis hönnuða samkv. byggingareglugerð 112/2012 var m.a. að sýna fram á þátttöku hönnuða á **endurmenntdunnámskeið** en sú krafa var ekki hjá iðnmeisturum. En mæting á endurmenntunarnámskeið er í mikilli lægð í dag og ætti því að vera þátttökukrafa hjá bæði hönnuðum og iðnmeisturum til hvatningar og til réttinda gæðakerfis. Fagráðið hefur áhyggjur af því að 1.01.2015 verði lagnamenn ekki búnir að innleiða gæðakerfi. Það þarf e-h til að vekja athygli á þessum kröfum reglugerðarinnar.

Rædd var tillaga að lausn: *Mannvirkjastofnun hefur með það að gera við hvaða skjöl er stuðst og með hvaða hætti faggildingarstofur starfa og útfærslu gæðakerfis. Boða verður til sér samráðsfundar með forsvarsmönnum þeirrar stofnunar og fá mat þeirra á þessari ályktun og eftirfylgni mála. Upplagg nýrra starfshátta lagnamanna er fengið af samstarfi raflagnageirans og mannvirkjastofnunar og því þarf að virkja samstarf lagnamanna og Mannvirkjastofnunar svo nýjar kröfur reglugerða nái fram að ganga.*

3. Faglegt umhverfi lagnageirans

*Þetta er framhaldsumræða sem rædd hefur verið á fyrstu 2 fundum fargráðsins og í framhaldi var fundað sérstaklega með SART 27.09.2013. Það má lesa bókun þessa fundar á lafi.is: **Sérfundur nr.1 með SART**. SRR fór yfir hvað kom fram á kynningu SART. SRR/STÓ kynntu einnig þeim sem ekki voru inni málum umræðu síðustu funda.*

Það virðist vanta í umhverfi lagnamanna **heildaryfirsýn og utanumhald á fagsviðinu**. Líkt og SART virðist hafa tekist að byggja, þar sem þeir eru miðja í flestum málefnum raflagnageirans. Að þessari uppbyggingu þarf samstarf meistarafélaga, Mannvirkjastofnunar, menntastofnana og aðra hagsmunaaðila. Menn sinna ágætu starfi í dag en margir hverjir við erfiðar aðstæður. Kalla þarf saman lykilmenn fagfélaga og fá mat þeirra á þessari ályktun fargráðsins og hvernig/hvort vilji sé til að fylgja málefnum áfram.

Málefni meistarafélagana og Mannvirkjastofnunar tengd faglegu umhverfi lagnageirans voru rædd. AH sem er í meistarafélagi pípulagnamanna upplýsti fundarmenn um það sem hann þekkti til starfsemi félags pípulagnameistara sem hann hafði þó ekki komið að í alllangan tíma, nýr formaður félags pípulagnameistara hefur störf 1. október. KO kom aðeins inná það sem hann þekkti til starfsemi félags blikksmiðjueiganda.

Mannvirkjastofnun styður SART í faglegru uppbyggingu með ýmsum hætti sem fram kom á sérfundum með SART. Meistarafélögin og fyrirtækin í vatnslagiðnaðinum virðast svolítið vera ein á báti í heildaryfirsýn og utanumhald á fagsviðinu. Þetta getur valdið því að lítið er um samrýmdar aðgerðir í hagsmunabaráttu lagnamanna.

Sameina þarf rödd lagnamanna til frekari áhrifa þegar kemur að þeirra hagsmunum. Það ber of mikið á því að vandamál, ósætti og ýmsar breytinga í umhverfi og reglum lagnamanna eru framkvæmdar án samráðs við hagsmunaaðila lagnamanna. Kvartanir virðast fá lítinn hljómgrunn og verða svo af engu í skeytingarleysi. Þetta leiðir af sér léleg gæði.

Rædd var tillaga að lausn, næstu skref: *Boðað til sérfundar með félagi pípulagningameistara og kynnt þeim ályktun fagráðsins og fengið þeirra mat á málefnum. Kynnast betur þeirra starfsemi og athuga hvort þeirra vilji sé að hreyfa við málum.*

4. Fyrirkomulag nýs gagnagrunnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins er heldur utanum skoðanir vatnsúðakerfa á höfuðborgarsvæðinu.

Fagráðinu hefur borist athugasemdir/spurningar um hvort ekki vanti uppá samræmi í kröfum um þjónustu vatnsúðakerfa, (viku/mánaðarskoðun). Bent er á að ófaglærðir menn sem hafi ekki réttindi eða þekkingu sé ætlað að taka viku (mánaðarskoðun) og að sérstaklega sé þetta varhugavert þar sem um brunadælu sé að ræða. Á síðasta fundi var umræðunni um þetta málefni sjálfhætt þegar kom að lagalegu ákvæði. SRR renndi núna yfir lagaleg ákvæði og leiðbeiningariti frá 2010 sem reglurnar um fyrirkomulagi skoðana vatnsúðakerfa vísa í.

*Samkvæmt fyrirliggjandi reglugerðum er **krafa um vikulegar skoðanir** vatnsúðakerfa. Gagnagrunnur SHS tekur samt mið af mánaðarlegum skoðunum í gagnagrunni SHS og virðist því ósamræmi þarna á milli. Þetta er sama skoðunin. Ófaglærður einstaklingur, fulltrúi eiganda, má taka viku(mánaðarskoðun) ef hann hefur farið á réttindanámskeið hjá Mannvirkjastofnun samkv. byggingareglugerð. En samkv. leiðbeiningarriti dugar að þessi ófaglærði einstaklingur fái formlega þjálfun hjá hjá viðkenndum þjónustuaðila og virðist því einnig ósamræmi þarna á milli reglugerðar og leiðbeiningarrits. Ábyrgðarmaður skal vera pípulagningameistari eða með sambærilega menntun.*

Hvort eru kröfurnar viku eða mánaðarskoðanir? Það virðist þurfa að samræma reglur/gagnagrunn og raunverulegar úttektir með þetta í huga, þarna virðast verkkaupar algjörlega stýra málum. Ábyrgðaraðilinn (pípulagnameistarin) lýtur vilja verkkaupa um litla aðkomu að kerfunum (árs ¼ skoðun, 4 skoðanir á ári) enda fátt sem bakkar hann upp í öðru. Verkkaupin ætla svo að sjá sjálfur um skoðanir vikulega og spara sér kostnað. Skoðanir vatnsúðakerfa eru varla fyrir ófaglærða menn að gera og þá sérstaklega þegar brunadæla er í kerfinu. Þessi skoðun vefst jafnvel fyrir faglærðum mönnum. Reynslan virðist því miður vera að sýna að ef þjónustuaðili gerir ekki þessar skoðanir þá eru þær víða ekki gerðar. Samkv. leiðbeinandi reglum þá er krafan að skoðun þjónustuaðila fari minnst ársfjórðungslega (en vikulega af fulltrúa eiganda eftir leiðbeiningum þjónustuaðila). Þessi slaki í reglunum virðist því miður leiða af sér léleg gæði.

Á að gera meiri kröfur og á að vera meiri eftirfylgni á aðilum sem „eiga“ að sinna vikuskóðunum fyrir hönd verkkaupanna. Fær SHS upplýsingar um þessa aðila og gerir kröfu um hæfni þeirra, eins og komið er inná í reglugerðinni? Eiga þessir aðilar að fara á námskeið hjá Mannvirkjastofnun og fá viðurkenningu eða **á að láta fagmenn sjá um allar skoðanir**. Á að sleppa viku(mánaðarskoðun) og færa þær allfarið inni árs ¼ skoðun. **Það virðist vanta eina algilda reglu sem tekur af allan vafa og fylgt er eftir án nokkurs afsláttar.**

Á ráðstefnu slökkviliðsstjóra í mars á þessu ári er sagt vegna kynningu SHS á gagnagrunninum: „SHS hefur ekki gert athugasemdir við að þjónustuaðilar noti eldri reglur um mánaðarskoðanir í stað vikuskóðana“. Úr þessu má lesa að tekinn sé aðstaða til þess að teknar séu mánaðarskoðanir í stað vikuskóðana, reglugerðin segir vikuskóðanir en reynslan mótast af mánaðarskoðunum (vikuskóðanir þykir sumum of mikið, og er því ekki gert).

Það er kannski ekki furða að ráðinu berist kvartanir um að menn viti ekki í hvaða fót eigi að stíga og að þróun framkvæmda sé óljós og ómarkviss. Málefnið kom einnig upp á kynningu á grunninum sem SHS hélt fyrir ábyrgðaraðila (pípulagnameistara). Fundarmenn vöktu athygli á þessu ósamræmi, SRR var valinn af fundarmönnum í samráðshóp ásamt aðilum á vegum Mannvirkjastofnun og SHS sem mótað hafa reglur/þjónustu slökkvikerfa.



1 fundur var haldinn þar sem niðurstaða var að einn fundarmaður á vegum Mannvirkjastofnunar myndi taka saman skýra niðurstöðu, ekkert hefur heyrst eða spurst núna ½ ári frekar en 1 ári síðar, sem gefur orðróminum byr undir báða vængi „Kvartanir virðast fá lítinn hljómgrunn og verða svo af engu í skeytingarleysi. Þetta leiðir af sér léleg gæði“.

Rædd var tillaga að lausn, næstu skref: *Fá mat félag pípulagnameistara á málefningu, boða sérfund með forsvarsmönnum SHS og Mannvirkjastofnunar og kynna þeim úlyktun fagráðs LAFÍ og FPM, fá þeirra innsýn og athuga hvort þeirra vilji sé að hreyfa við málum.*

5. Spurningar til fagráðs:

Liður 4 á þessum fundi: Samræmi í kröfum um þjónustu vatnsúðakerfa

*Form. fagráðs og ritari
Snæbjörn R. Rafnsson*